10.11.2026

Bæjarráð - 2511. fundur bæjarráðs
haldinn á bæjarskrifstofu, þriðjudaginn 10. nóvember 2026
og hófst hann kl. 16:15

Fundinn sátu:
Kristján Jón Guðmundsson, Þorbergur Haraldsson, Guðfinnur Ragnar Jóhannsson og Kristinn Gauti Einarsson.

Fundargerð ritaði: Kristinn Gauti Einarsson, Fjármála- og skrifstofustjóri

Dagskrá:

Baldur Smári Einarsson kom inn á fund fyrir þennan dagskrárlið

1. **Gjaldskrár 2027 - 2610059**

   Gjaldskrá 2027.

   Bæjarráð fór yfir drög að gjaldskrá ársins 2027 og vísar henni til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

2. **Fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar 2027 - 2608013**

   Fjárhagsáætlun ársins 2027 lögð fram.

   Bæjarráð fór yfir drög að fjárhagsáætlun ársins 2027 og vísar henni til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

Baldur Smári Einarsson yfirgaf fund eftir þennan dagskrárlið.

3. **Sameinuð almannavarnarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum - 2611025**

   Lagt er fram til kynningar og afgreiðslu erindi um fyrirhugaða sameiningu almannavarnarnefnda á norðanverðum Vestfjörðum. Almannavarnarnefnd Bolungarvíkurkaupstaðar hefur ekki verið virk í fjölda ára. Bæjarstjóri sat fund almannavarnarnefndar 29. október sl. þar sem hugmyndin var kynnt og lýsti jákvæðri afstöðu til sameiningar almannavarnarnefnda Bolungarvíkurkaupstaðar, Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps. Óskað er eftir afstöðu bæjarráðs til áframhaldandi vinnu við málið.

   Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og samþykkir að halda áfram vinnu við málið.

4. **Sorphirða og förgun í Bolungarvík - 2611026**

   Samningur Bolungarvíkurkaupstaðar við Kubb um sorphirðu og förgun úrgangs rann út árið 2023 og hefur ekki verið boðinn út á ný. Lagt er til að hafin verði vinna við gerð útboðsgagna og undirbúning nýs útboðs á þjónustunni, þannig að tryggð verði áframhaldandi og hagkvæm framkvæmd sorphirðu og úrgangsmála sveitarfélagsins.

10.11.2026

Bæjarráð samþykkir að hefja vinnu við endurskoðun á fyrirkomulagi sorphirðu í sveitarfélaginu.

5. Byggingafulltrúi - 2610057

Í ljósi fyrirhugaðrar auglýsingar um starf byggingafulltrúa eru lögð fram drög að starfslýsingu og auglýsingu til umfjöllunar. Bæjarráð er jafnframt óskað eftir að taka afstöðu til næstu skrefa varðandi mönnun embættisins og fyrirkomulag starfsins.

Bæjarráð samþykkir auglýsingu og felur bæjarstjóra að setja í loftið.

6. Áhaldahús - 2611027

Lagt er til að sveitarfélagið geri tímabundinn samning við verktaka um verkefni áhaldahússins til þriggja mánaða. Tilgangur samningsins er að tryggja þjónustu á meðan unnið er að ráðningu starfsmanna.

Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi tillögu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:12